

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða,
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari,
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma,
- d. leyfishafi greiðir ekki útvarpsnotendagjald sitt.

14. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur um stundarsakir veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra manna, er starfa á vegum ríkisstjórnarinnar, og setur þá sérstakar reglur í leyfisbréf til þeirra.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radióefni sínu eða að láta innsigla það.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

17. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. ágúst 1963. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um radióviðskipti áhugamanna frá 10. des. 1954.

Póst- og símamálastjórnin, 16. júlí 1963.

G. Briem.

S. Þorkelsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á Mýrargötu, norðanmegin.
2. Biðskylda á Eiríksgötu við Barónsstíg.
3. Aðalbrautarréttur á Skólavörðustíg.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 23. júlí 1963.

Sigurjón Sigurðsson.